

Alþingi
Erindi nr. P 138/548
komudagur 9.12.2009

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is



Reykjavík, 7. desember 2009

Umsögn Hagsmunasamtaka heimilanna (HH)

Frumvarp til laga, þingskjal 292 - 256. mál um tekjuöflun ríkisins

Hagsmunasamtök heimilanna (HH) vilja byrja á að þakka sýnt traust til að veita efnahags- og skattanefnd umsögn um frumvarpið. Samtökin sjá þó ekki mikinn tilgang með umsögninni, þar sem reynsla samtakanna er að lítið hefur verið hlustað á varnarorð samtakanna undanfarna tæpa 11 mánuði. Er það þrátt fyrir að flest það hefur komið fram, sem samtökin hafa varað við.

Hagsmunasamtök heimilanna skoða í sinni umsögn eingöngu þann þátt sem snýr að heimilum landsins. Ljóst er að umfang lagabreytinganna er verulegt og afar knappur tími gefinn til umsagnar.

Það er mat HH að nærri helmingur heimila beri ekki auknar álögur vegna verulegrar kaupmáttarskerðingar og gríðarlegra hækkana á höfuðstól skulda. HH hefur fullan skilning á aukinni tekjuöflunarpörf ríkisins í þessari stöðu, en það er algert forgangsverkefni að rjúfa bein tengsl skatta- og verðlagsbreytinga við þróun höfuðstólshækkunar lána heimilanna vegna áhrifa á verðbætur lána.

HH geta tekið undir viðleitni stjórnvalda til að verja lægri tekjuhópa með fjölgun þrepa tekjuskatts, þar sem tekjuskattur hærri tekjuhópa er aukinn. Þó vantar verulega á að hlutverk og mikilvægi heimila landsins í hagkerfinu sé viðurkennd. Gera þarf greinarmun á fjárfestingu í lögheimili og annarri fjárfestingu í húsnæði. Nota þarf breytingar á skattkerfi til að draga úr undanskotum á tekjuskatti, sem má ma gera með því að tengja vaxtabætur við tekjuskatt, þannig að vaxtabætur vegna fjárfestingar í lögheimili komi til afsláttar af tekjuskatti. Ekki ætti að greiða eignaskatt af lögheimili. Með sama hætti mætti innleiða hvata varðandi endur- og símenntun til að koma til móts við þrengri stöðu á vinnumarkaði og nýta tímann til sóknar með endurmenntun, þar sem slíkur kostnaður gæti komið til frádráttar á tekjuskatti. Enn fremur mætti að styrkja fjölskyldur landsins með rýmri heimildum til samnýtingar persónuafsláttar fjölskyldumeðlima með sama lögheimili. Þannig gætu vinnandi foreldrar stutt betur heimabúandi börn í námi. Varað er við skattbreytingum sem hvetja til skilnaða og upplausna fjölskyldna vegna fjárhagslegs ávinnings einstæðra foreldra.

Hvorki er reiknað út í athugasemdum með frumvarpsins áhrif skattanna á vísitölu neysluverð, en hækkun tekjuskatts fyrirtækja mun hafa áhrif á vöruverð auk þess sem hækkun atvinnutryggingagjalds mun fara beint út í verðlagið, né er reiknað út áhrif hærri tekjuskatta á minni neyslu og þar með neysluskatta ríkisins. Forvitnilegt væri að vita hver þessi áhrif eru.

Án þess að búa yfir sérþekkingu á skattamálum, þá finnst HH það vera öfugsnúið að taka upp skattkerfi, sem kallar á uppgjör skatta sjö mánuðum eftir lok skattársins. HH sjá ekki hvernig það á að bæta rekstrarafkomu ríkissjóðs árið 2010 að geyma hluta skattheimtnar fram á síðari hluta árs 2011. Nema að miða eigi við að skatthlutfall breytist eftir því sem á árið líður. Virðist HH skynsamlegra að nýta samspil hærri skattþróentu og hærri persónuafsláttar til að ná skatttekjunum strax inn.


Hagsmunasamtök heimilanna bentu á það í umsögn við bandorminn í sumar, að hugsanlega væri til önnur leið til að ná inn auknum tekjum fyrir ríkissjóð. Var bent á útfærslu á leið Sjálfstæðisflokksins um að nýta iðgjöld lífeyrissjóðanna. Hugmynd samtakanna ganga út á að semja við launþegahreyfingar og færa helminginn af mótframlagi launagreiðenda yfir í tryggingagjald tímabundið í þrjú ár. Miðað við kr. 750 milljarða launagreiðslur væru þetta 30 milljarðar kr. Peningar sem vissulega myndu valda skerðingu á lífeyrisgreiðslu um örfá prósent í lok starfsævi, en í staðinn væri ekki ráðist að rekstrargrunni heimilanna og fyrirtækjanna, auk samdráttar á veltusköttum, sem minnkun innanlandseftirspurnar óhjákvæmilega veldur.

Það er skoðun HH að það sem hagkerfið þarf er aukin innanlandseftirspurn. Allar tillögur ríkisstjórnarinnar virðast miða að því að draga úr þessari eftirspurn. Sjá samtökin fyrir sér að samdrætti fylgi aukinn samdráttur, þar sem minni innanlandseftirspurn dregur úr veltu fyrirtækja og leiðir af sér fækkun starfa. Hvorutveggja veldur minni skatttekjum fyrir ríki og sveitarfélög. Þessi hringur endurtekur sig svo lengi, sem innanlandseftirspurnin dregst saman. Sé aftur reynt að auka innanlandseftirspurn, þá verða áhrifin á hinn veginn, þ.e. velta fyrirtækja eykst, störfum fjölgar, neysluskattar og tekjuskattar hækka. Samtökin hafa ítrekað bent á þessa einföldu hagfræði og nú síðast á fundi með Mark Flanagan og Franek Rozwadowsky, hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Mark Flanagan tók undir orð okkar og gekk raunar svo langt, að AGS hafi ítrekað reynt að fá stjórnvöld til að fara þessa leið án árangurs. Hvetja samtökin efnahags- og skattanefnd til að kanna þessa leið frekar. Staðreyndin er nefnilega sú, að heimilin í landinu eru mörg komin að fótum fram fjárhagslega. Þau mega ekki við frekari skerðingu ráðstöfunartekna og þau mega ekki við frekari hækkun skulda. Stjórnvöld hafa því miður ekkert sýnt sem gefur þröngt settum heimilum mikla von. Tilfinningin er frekar að reisa eigi hagkerfið við á rústum heimilanna, sem við hjá Hagsmunasamtökum heimilanna sjáum ekki að virki.


Í þessari stöðu ættu stjórnvöld þvert á móti að nýta tækifærið og slá skjaldborg um heimilin, setja þak á verðbætur til að stöðva sjálfvirka skuldahækkun, undirstrika skilaboð um hófsemi í húsnæði og bílaeign, viðurkenna mikilvægi heimilanna fyrir hagkerfið, draga úr undanskotum, hvetja til debetneyslu og valfrjáls sparnaðar með breytingum á skattkerfinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Hagsmunasamtaka heimilanna / www.heimilin.is



Marinó G. Njálsson, ritari



Friðrik Ó. Friðriksson, formaður